

ÁBENDINGAR UM KENNSLUÆÐFERÐIR

STIG 1

Hlustun

- Fáíð nemendur til að tjá sig með fyrirmælum t.d. „Bentu á ,
já/nei spurningar.
- Notið Total physical response aðferðina.
- Endutakið og vinnið með algengan orðaforða, einfaldar orðmyndir og lykilhugtök.
- Þjóðið upp á para- og hópavinnu til að hvetja til samskipta og samvinnu á tungumálinu.
- Haldið ykkur við alvöru, merkingarleg umræðuefni eða þemu

Aðlagið talið:

- Talið hægar.
- Talið skýrar, með eðlilegar áherslur og hrynjanda.
- Notið stuttar, einfaldar setningar.
- Notið lengri, en eðlilegar þagnir á milli.
- Notið færri fornöfn.
- Notið aðeins mikilvægar upplýsingar þegar þið leiðbeinið.
- Notið algeng orðatiltæki (idioms) og talmál (slang) og útskýrið þau.
- Þróið endurtekin látbrögð til að gefa fyrirmæli t.d. hönd að eyra segir nemendum að hlusta.
- Þjóðið upp á verkefni samhliða hlustun, t.d. lesa sögu og sýna margar myndir og börnin eiga að benda á myndina sem á við hvern kafla.

Tal

- Notið aðeins mikilvægan, algengan orðaforða, survival vocabulary.
- Tengið viðfangsefnum viðkomandi árganga eins og mögulegt er t.d. skipulögð þemavinna í bekknum.
- Notið samhengið til að gefa merkingu, t.d. herma eftir, óyrt látbragð, myndir, sameiginleg reynsla, skynjun.
- Notið Total physical response aðferðina
- Notið stuttar, einfaldar setningar, tala hægara, en þó eðlilegt, raunverulegt tal, comprehensible input.
- Kennið nákvæmlega mikilvægar setningar eins og „má ég fara á klósettið?“
- Kennið nauðsynleg orð sem mikilvægt er að nota daglega, t.d. „hvað?“, „fyrirgefðu“.
- Kynnið ykkur móðurmál og menningu nemandans www.settlement.org/cp/ <http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/>
- Nýtið ykkur kennara eða annað starfsfólk í skólanum sem talar móðurmál nemandans.
- Notið orðabækur, myndaorðabækur í samskiptum.
- Gefið barninu tíma til að tjá sig.
- Kennið hljóð og tákn, minimal pair activities.

ÁBENDINGAR UM KENNSLUÆÐFERÐIR

STIG 1

Lestur

- Kennið bókstaflega hvernig á að meðhöndla bækur, t.d. hvar bókin byrjar og hvar hún endar, að lesa frá vinstri til hægri, frá toppi og niður.
- Lesið mikið fyrir nemandann og leyfið honum að hlusta á upptökur.
- Kennið stafi og hljóð.
- Notið Language Experience Approach (LEA) t.d. skrifið frásagnir nemandans af eigin reynslu og fjölrítið handa hinum nemendunum.
- Notið mikið endurtekningar og venjur t.d. líta saman yfir atburði dagsins, myndabækur, söngvar o.fl.
- Notið texta og myndir sem á að raða í rétta röð og sortera.
- Merkið alla hluti í skólastofunni.
- Lesið setningar og látið nemandann endurtaka og einnig samlestur.

Ritun

- Notið mikið af hlutum og myndum til að koma nemandanum af stað, t.d. myndir byrjun á sögum, sameiginlega reynslu o.fl.
- Hvetið nemandann til að gera sig skiljanlegan með teikningum, úrklippum, föndri o.þ.h.
- Skrifið orð hægt fyrir framan nemandann, staf fyrir staf og hljóð fyrir hljóð.
- Þjálfuð nemandann í finhreyfingum, í notkun skriffæra og réttri skrift.
- Notið þreparitun, scaffolded writing activities, t.d. fylla í eyður, halda áfram með sögu, merkja við myndir, setningahluta, setningabyrjanir, setningafyrirmyndir o.fl.
- Búið til þemabækur, t.d. úrklippubækur og leyfið börnunum að vinna hópavinnu í ákveðnum þemum.
- Notið vasa með orðum til að raða saman í setningar.
- Þjálfuð nemandann í notkun myndaorðabóka.
- Látið nemandann búa til sína eigin myndaorðabók með hjálp teikninga, úrklippa o.fl.

ÁBENDINGAR UM KENNSLUAÐFERÐIR

STIG 2

Hlustun

- Notið spurningar sem krefjast svara í formi setninga, t.d. annað hvort/eða, hvað o.s.frv.
- Athugið hvort nemandinn skilur með því að biðja hann að segja frá því sem þú varst að segja eða spyrjið út í innihaldið.
- Notið margvísleg orð til að fá fram sömu viðbrögð t.d. þögn, hlustiði, viljiði gjöra svo vel og vera stillt.
- Fáíð nemandann til að segja meira en eitt orð, t.d. segðu mér meira af þesu.
- Æfið minimal pair activities t.d. í fleirtölu, fallbeygingum, hljóðum o.þ.h.
- Notið fjölbreytilegar hlustunaræfingar þannig að nemendur fái tækifæri til að hlusta á ýmsar raddir og framburð, t.d. hljóðupptökur, leikrit, myndbandsspólur, auglýsingar o.fl.
- Notið þrepaverkefni tengd hlustun, scaffolding techniques: fylla inn í eyður, spurningar úr texta, finna út úr því hvar talið fer fram o.þ.h.
- Notið breytilegar áherslur, hæð og þagnir til að auðvelda skilning.

Tal

- Fáíð fram tal hjá nemandanum með margvíslegum spurningum: já/nei, annað hvort/eða, hvar, hvernig, hvað, hvenær, hver o.s.frv.
- Gefið nemendunum tækifæri til tjáskipta í hópum, t.d. byrjið umræðuefni sem nemendur eiga að halda áfram með í hópnum o.fl.
- Notið hópvinuverkefni cooperative learning techniques, t.d. fylla inn í krossgátu með sitt hvorar upplýsingarnar, fylla inn í eyður o.fl.
- Notið hlutverkaskiptingu í hópavinnu cooperative learning tasks, t.d. spyrjandi, tímavörður, teiknari.
- Gefið nemandanum tækifæri til að koma inn í umræður eða ljúka þeim.
- Kennið sérstaklega talmál, nútímaorð og nútímaorðatiltæki.
- Verið hvetjandi, hrósið í stað þess að letja, og ekki krefjast þess að nemandinn tali hárrétt, horfið fram hjá villum.
- Notið tækni eins og modeling eða að fá fram staðfestingu frá nemandanum um að hann hafi skilið, lengri biðtíma eftir svari, kannanir og próf.
- Gefið nemandanum tækifæri til að umorða og útskýra.
- Gefið nemandanum hljóðritaðar bækur til að þjálfra framburð, hrynjanda og áherslur.
- Gefið nemandanum lengri tíma til að svara.
- Notið söngva, ljóð og fyrirmyndartungumál.
- Þjálfu einstök hljóð og minimal pair activities.
- Útskýrið fyrir nemandanum og foreldrunum hvernig börn eru hvött til að vera virk í tímum þar sem það gæti reynst nýtt fyrir þeim.

ÁBENDINGAR UM KENNSLUAÐFERÐIR

STIG 2

Lestur

- Þjálfnið hljóð og stafi og tengsl ritað máls og talaðs máls, þ.e.a.s. lestur.
- Lesið saman myndir og undirbúið þannig lesturinn.
- Fánið fram umræður sem dýpka skilning á lesnu efni.
- Hvetjið börnin til að skrifa og lesa á móðurmáli.
- Þjálfnið notkun orðabóka yfir má móðurmál.
- Notið fjölbreyttar aðferðir til að draga upp aðalatriði í lesnum texta, t.d. sögukort, tímalínu, línurit, súlurit o.þ.h.
- Notið Language Experience Approach (LEA) t.d. skrifið eftir frásögn nemandans og fjölrítið fyrir hina nemendurna.
- Einfaldið námsefni bekkjarins og styðjið það með myndum.
- Notið fjölbreyttar aðferðir í innlögn, t.d. töflur, myndir, línurit, tímalínur.

Ritun

- Þjálfnið börnin í skrift.
- Hafið merkimiða sýnilega á veggjum með lykilorðaforða þess sem verið er að fást við í bekknum á hverjum tíma.
- Komið á ritunarvenjum, t.d. dagbókarskrifum.
- Undirbúið ritun með því að fá fram umræður, teikningar, orðalista o.fl.
- Lesið upp texta sem nemendur eiga að skrifa orðrétt.
- Gefið nemendum texta með ruglaðri röð setninga sem nemendur eiga að raða.
- Látið börnin vinna í hópum við margvísleg verkefni, t.d. samheiti, andheiti, fleirtala, fornöfn.
- Komið á hugflæði til að þjálfna setningarmyndun, skrá hugsanir.
- Gefið nemandanum fyrirmyndir að setningum.
- Gefið nemandanum lengri tíma til ritunar.
- Hvetjið nemandann til að nota orðabækur yfir á móðurmál.

ÁBENDINGAR UM KENNSLUAÐFERÐIR

STIG 3

Hlustun

- Notið opnar spurningar.
- Fylgist með viðbrögðum nemandans vegna hugsanlega ólíkrar menningar t.d. stríðni.
- Notið upplestur.
- Útvegið nemandanum hjálpartæki eins og teikningar, orðalista graphic organizers eða blöð þar sem hann á að fylla í eyður cloze activities til að hjálpa honum að ná aðalatriðum.
- Notið cooperative learning activities, hópavinnu.
- Athugið reglulega hvort nemandinn skilur.
- Notið hlutverkaleiki .
- Þjálfði nemandann í að taka niður punkta og leggja áherslu á aðalatriðin.

Tal

- Hjálpið nemandanum að undirbúa fyrirlestur með því að búa til uppkast og leyfið honum að æfa sig.
- Gefið nemandanum færi á að taka þátt í umræðum.
- Gefið nemandanum auka umhugsunartíma til að svara.
- Veitið aðstoð við orðaforða námsgreina.
- Kennið málfræði samhliða samskiptaverkefnum og námsgreinum.
- Notið hlutverkaleiki til að æfa málfræðireglur.
- Þjálfði vandaðan, nákvæman framburð, leiðréttið nemandann á uppbyggilegan hátt, notið instructional conversation með hjálp sýnilegra stafa og orða.
- Notið cooperative learning techniques, hópavinnu til að þjálfra hin ýmsu form talmáls, t.d. hikorð, koma inn í miðjar umræður, að hefja umræður o.s.frv.
- Gefið nemandanum tækifæri til að tala við aðeins einn annan nemanda, í litlum hópum og fyrir framan allan bekkinn bæði formlega og óformlega.
- Notið hlutverkaleiki og söngva til að festa í minni og þjálfra orðaforða, framburð, áherslur, málfræðiatríði o.þ.h.

ÁBENDINGAR UM KENNSLUAÐFERÐIR STIG 3

Lestur

- Notið fjölbreytileg sýnileg hjálpartæki graphic organizers til að efla lesskilning, t.d. orsök/afleiðinga keðja, ættartré, kostir/gallar kort o.þ.h.
- Veljið léttara efni tengt námsgreinum bekkjarins.
- Veljið sérstaklega efni sem hefur myndir, teikningar, útskýringar, tíð efnisyfirlit, graphic organizers o.þ.h.
- Útbúið þrepaaðstoð við lesskilninginn, scaffolding for reading comprehension, orðalista þar sem nemandinn á að velja aðalatriði textans, ágiskun á framvindu sögu o.s.frv.
- Kennið lestrartækni, aðferðir til að örva lesskilning: byggja upp forvitni, SQ3R = Survey, Question, Read, Recite, Review, skoða, spyrja, lesa, endurtaka og rifja upp
- Kennið nemandanum aðferðir til að ráða í merkingu nýrra orða, t.d. lesa aftur, orðatengsl, búta í sundur orð o.s.frv.
- Þjálfðið collaborative reading activities, hópvinnu í lestri, t.d. sameiginleg verkefni tengd texta, krossgátur, spurningaleiki o.fl.

Ritun

- Gefið fyrirmyndir að ákveðinni tegund ritunar, t.d. uppskriftir, fyrirmæli, sendibréf o.fl.
- Þjálfðið ritunarferli writing process, uppkast, umræður (conferencing), samanburður, endurskrif o.s.frv.
- Gefið nemandanum tékklista.
- Gefið nemandanum góðar fyrirmyndir til að styðjast við og kennið uppbyggingu texta með kaflaheitum: inngangur, meginmál, lokaorð.
- Látið nemandann skrá hjá sér mikilvæg atriði varðandi ritun, notið dialogue journals, eða rituð samskipti á milli kennara og nemanda, og tveggja dálka punkta.
- Látið nemandann útbúa sinn eigin stafsetningarbækling, aðalreglurnar, sýnishorn af stafsetningu orða o.s.frv.
- Kennið sérstaklega og þjálfðið notkun samtenginga (og, en, af því að, svo) og tengiorða (áður en, fyrst, síðan, svo, eftir það, þegar, um leið og, ásamt tímaforsetningum á þessum tíma, í síðasta mánuði o.s.frv.)
- Þjálfðið notkun orðabóka, stafsetningarorðabóka, samheitaorðabóka og orðabóka yfir á móðurmál.
- Festið orðaforða í minni með endurtekningarverkefnum, krossgátum, fylla í eyður, orðaleit o.s.frv.
- Leggið áherslu á sagnorð, myndir og tíðir þeirra, með fjölbreytilegum verkefnum, t.d. látbragðsleikjum, klippa sagnorð úr timaritum o.fl.

ÁBENDINGAR UM KENNSLUADFERÐIR

STIG 4

Hlustun

- Þjóðið upp á úrval spurninga sem krefjast þess að nemandinn geti fyrir um, greini og beri saman.
- Þróið hlustunarfærni með fjölbreytilegum verkefnum sem krefjast skipulagningar.
- Þjóðið upp á fjölbreytilega hlustun, t.d. myndband, umræður, hljóðsnældur, rökræður, fyrirlestra.
- Þjálfði nemandann í að skilja orðasambönd collocations og orðatiltæki idioms.
- Þjóðið upp á hlustun með tilgangi, t.d. hlusta eftir leiðbeiningum, hlusta á skilaboð o.fl.
- Þjálfði hlustun með leikrænni tjáningu, t.d. hlutverkaleikir, upptökur á samtölum o.þ.h.

Tal

- Þjóðið nemandanum upp á tækifæri til að nota orðaforða í margvíslegu samhengi.
- Undirbúið samvinnu til að þjálfða ákveðna þætti tungumálsins, t.d. málfræði, orðaforða, orðatiltæki idiomatic expressions o.fl.
- Notið munnleg samskipti á milli kennara og nemanda, munnleg dialogue journal.
- Þjálfði markvisst samskiptatækni, t.d. viðtöl, púsluspil, flokkunarverkefni, leiki, leiklist, úrlausn vandamála, hlutverkaleiki o.fl.
- Þjálfði framburð á erfiðum hljóðum og hljóðsamböndum, t.d. hl-, hlj- o.s.frv.
- Kynnið menningarlega þætti tungumálsins t.d. myndlíkingar, tilvitnanir, orðatiltæki idioms.
- Leggið áherslu á hrynjanda, áherslur og hljómfall og hvernig það hefur áhrif á merkingu orða.
- Þjálfði mismunandi tónhæðir með ýmsum tegundum setninga.
- Notið hljóðbands- og/eða myndbandsupptökur til að fylgjast með, meta og leiðrétta tal nemandans.
- Gerið greinarmun á áltækum og sértækum erfiðleikum.
- Útbúið flokkunarkerfi eða prófblað fyrir nemendur til að meta hver annan í framsögn, fyrirlestrum, t.d. skiljanleiki, skipulag, mælskulist (reiprennandi eða hikandi) og líkamstjáning.

ÁBENDINGAR UM KENNSLUAÐFERÐIR

STIG 4

Lestur

- Undirbúið lestur námsbóka með áherslu á heiti bókar, kaflaheiti, undirkaflaheiti, myndir, töflur, uppbyggingu textans o.fl.
- Skoðið allt það sem tengist textanum, töflur, kort, línurit og vefslóðir.
- Þjálfði fjölbreytilega tækni til að örva lesskilning: byggja upp forvitni, teikna upp ágiskunarkort, SQ3R = Survey, Question, Read, Recite, Review, skoða, spyrja, lesa, endurtaka og rifja upp, einnig KWL = What do I know, What do I want to know, What have I learned, hvað veit ég, hvað langar mig að vita, hvað er ég búinn að læra.
- Gefið nákvæm þrepaverkefni til að byggja upp þekkingu t.d. flokka, greina upplýsingar.
- Þjóðið upp á viðfangsefni sem kynna, útvíkka og vinna með nýjan orðaforða.
- Aðstoðið nemandann við að giska á merkingu nýrra orða með því að rýna í samhengið, greinarmerki, útskýringar og aðra tækni word attack strategies.
- Kennið orðatiltæki sem gefa upp tengsl á milli hugmynda, t.d. eins og „sem dæmi um“ eða „til dæmis“ og hvernig afleiðing er sett fram: „þess vegna“.

- Gefið nemandanum upp menningarlegar upplýsingar sem liggja til grundvallar lesnum texta.
- Gefið nemandanum lengri tíma til að lesa og vinna með texta.